

***BORGARRÁÐ 14. janúar 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um ársreikning Reykjavíkurborgar árið 2019 og sölu byggingarréttar - R19120193***

Samkvæmt ársreikningi Reykjavíkurborgar fyrir árið 2019 var sala byggingaréttar einungis 25.754.000 en áætlanir gerðu ráð fyrir að salan yrði 3.778.694.000 á árinu. Frá 1. janúar 2010 hefur Reykjavíkurborg fengið greidda tæpa 9,7 milljarða í sölu byggingaréttar. Áætlanir næstu fimm ára gera ráð fyrir að borgin innheimti 17 milljarða í byggingaréttargjöld. 1. Hvers vegna voru áætlanir um sölu byggingaréttar á árinu svo ofmetnar? 2. Er þetta ekki sönnun þess að það er mikill lóðaskortur í Reykjavík? 3. Til hverra voru lóðir seldar á árinu 2019 tæmandi og þar með talið til Félagsbústaða og byggingafélaga sem eru ekki hagnaðardrifið? 4. Eru þær áætlanir raunhæfar að Reykjavíkurborg nái að innheimta 17 milljarða í byggingaréttargjöld á næstu fimm árum? 5. Hafa endurskoðendur ársreikninga Reykjavíkur gert athugasemdir við þessa „byggingaréttarsölufroðu“ sem notuð er til að láta fjárhagsáætlanir borgarinnar líta betur út en raunin er?